

**From:** Valur Sveinsson <[valur@fjardabyggd.is](mailto:valur@fjardabyggd.is)>

**Sent:** 15. janúar 2019 09:33

**To:** Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson <[gunnlaugur@egilstadir.is](mailto:gunnlaugur@egilstadir.is)>; [sigurdur.jonsson@efla.is](mailto:sigurdur.jonsson@efla.is);

Djúpavogshreppur <[djupivogur@djupivogur.is](mailto:djupivogur@djupivogur.is)>; 'sfk@sfk.is' <[sfk@sfk.is](mailto:sfk@sfk.is)>;

[fjotsdalsherad@fjotsdalsherad.is](mailto:fjotsdalsherad@fjotsdalsherad.is)

**Subject:** 1701099 - Breyting á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 og deiliskipulagi Leiru 1 ásamt umhverfisskýrslu. Sent nágrannasveitarfélögum á auglýsingartíma

Sæl öll

Sendi nágrannasveitarélögum meðfylgjandi tillögur að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar og deiliskipulagi Leiru 1 ásamt umhverfisskýrslu á auglýsingartíma tillagnanna til umsagnar.

### **Breyting á aðalskipulagi Fjarðabyggðar ásamt tillögu að breytingu á deiliskipulagi Leiru 1, iðnaðar- og hafnarvæði sunnan Strandgötu ásamt umhverfisskýrslu**

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, vegna stækkunar hafnarvæðis á leirunni á Eskifirði samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ásamt umhverfisskýrslu.

Samhliða tillögu að aðalskipulagsbreytingu er auglýst tillaga að breytingu deiliskipulags Leiru 1, iðnaðar- og hafnarvæði sunnan Strandgötu skv. 41. gr. laga nr. 123/2010. Meginmarkmið breytingar á deiliskipulagi er að auka athafnarými á hafnarvæðinu með greiðu aðgengi að hafnarkanti og bættum samgöngutengingum.

Tillögurnar ásamt umhverfisskýrslu verða til sýnis á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð og í þjónustugátt í bókasafninu á Eskifirði frá og með 17. janúar 2019 til og með 28. febrúar 2019. Athugasemdarfrestur er til sama tíma.

Tillögurnar verða einnig til sýnis á heimasíðu Fjarðabyggðar, [fjardabyggd.is](http://fjardabyggd.is)

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Skila skal skriflegum athugasemdum til skipulags- og byggingarfulltrúa á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar teljast þeim samþykkir.

*Kveðja Valur Sveinsson*



**FJARÐABYGGÐ**

Þú ert á góðum stað

**Valur Sveinsson**

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Planning and building manager  
[valur.sveinsson@fjardabyggd.is](mailto:valur.sveinsson@fjardabyggd.is)

**Fjarðabyggð**

Hafnargötu 2  
730 Fjarðabyggð

+354 470 9061

[www.fjardabyggd.is](http://www.fjardabyggd.is)



FJARÐABYGGÐ  
[fjardabyggd.is](http://fjardabyggd.is)